

**Fundargerð 283. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 9. október 2008 kl.: 15:00**

Fundarstaður: Fundarherbergi hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum
Fundargerð rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Karl Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Rebekka Eiríksdóttir, Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð hreppsnefndar 11. september 2008. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Úrskurður í kæru Reykhólahrepps gegn Póst- og fjarskiptastofnun og Íslandspósts hf vegna fækkunar póstdreifingadaga í hluta sveitarfélagsins. Ákvörðun um næstu skref. Sveitarstjóra falið að hafa samband við þau sveitarfélög sem eru að verða fyrir þjónustuskerðingu af hendi Íslandspósts hf, með málsókn í huga.
2. Bréf dags. 18. september 2008 frá Tryggva Gunnarssyni f.h. Flateyjarferða ehf með umsókn um lóð í Flatey til byggingar húsa til útleigu fyrir ferðamenn.
Vinna stendur nú yfir við aðalskipulag Flateyjar og í framhaldi af því er fyrirhugað að fara í vinnu við breytingu á deiliskipulagi. Af þeim sökum telur hreppsnefnd ekki rétt að verða við erindinu að svo stöddu.
3. Bréf dags. 17. september 2008 frá Strætó bs. með boði um að kaupa nemakort í strætó á höfuðborgarsvæðinu fyrir þá íbúa sveitarfélagsins sem stunda nám í framhalds- eða háskólum þar. Sveitarstjórn hafnar erindinu.
4. Tölvupóstur dags. 3. október 2008 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um stofnun ungmennaráðs fyrir Reykhólahrepp. Skrifstofu sveitarfélagsins falið að afla gagna og upplýsinga um málið hjá öðrum sveitarfélögum.
5. Bréf dags. í ágúst 2008 frá Dropanum, styrktarfélagi barna með sykursýki með ósk um fjárstuðning vegna sumarbúða fyrir sykursjúk börn. Ákveðið að styrkja Dropann um 30.000 kr.
6. Bréf dags. 25. september 2008 frá Brunamálastofnun með ósk um að lokið verði við gerð brunavarnaáætlunar fyrir Reykhólahrepp. Brunavarnaráætlunin er í vinnslu og stemt er að því að ljúka verkinu fyrir 1. nóv. 2008.
7. Bréf dags. 22. september 2008 frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með fundargerð fundar 19. sept. s.l. þar sem ný gjaldskrá var samþykkt og ósk um að sveitarfélagið fjalli um gjaldskrána. Gjaldskráin samþykkt.
8. Bréf dags. 3. september 2008 frá Skipulagsstofnun með lista yfir skipulags- og byggingafulltrúa og ósk um að sveitarstjórn yfirfari listann og leiðrétti eftir atvikum. Sveitarstjóra falið að óska eftir skráningu skipulags- og byggingafulltrúa Reykhólahrepps á listann.
9. Bréf dags. 5. september 2008 frá Skipulagsstofnun um skráningu byggingafulltrúa hjá stofnuninni og með ábendingu um að skráningarbeiðni berist stofnuninni sem fyrst frá sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að senda umsókn um að Bogi Kristinsson verði skráður sem byggingafulltrúi sveitarfélagsins.
10. Bréf dags. 5. september 2008 frá Skipulagsstofnun um skráningu skipulagsfulltrúa hjá stofnuninni og með ábendingu um að skráningarbeiðni berist stofnuninni sem fyrst frá sveitarfélaginu. Sveitarstjóra falið að senda umsókn um að Bogi Kristinsson verði skráður sem skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins.

Til kynningar:

1. Bréf dags. 12. september 2008 frá Skipulagsstofnun vegna umsagnar um umhverfisskýrslu vegna tillögu að Aðalskipulagi Reykhólahrepps. Kynnt.
2. Bréf dags. 3. október 2008 frá Fjórðungssambandi vestfirðinga með efni og ályktunum 53. fjórðungsþings vestfirðinga. Kynnt.
3. Afrit bréfs dags. 2. október 2008 frá Fjórðungssambandi vestfirðinga til Umhverfissráðuneytisins (Þórunnar Sveinbjarnardóttur) um ógildingu Héraðsdóms Reykjavíkur á hluta úrskurðar Umhverfissráðherra frá 5. janúar 2007 vegna vegaframkvæmda á Vestfjarðarvegi 60. Kynnt.
4. Bréf dags. 30. ágúst 2008 frá Búnaðarsambandi Vestfjarða með ályktun frá Búfjárræktarnefnd þess efnis að sveitarstjórnir á Vestfjörðum samræmi veiðar á ref og mink og stórauki fjármagn til verksins. Kynnt.
5. Bréf dags. 19. september 2008 frá Skógræktarfélagi Íslands með ályktun um að Háskólasetur og Náttúrustofa Vestfjarða komi á fót plöntusteingervingasetri á Vestfjörðum. Kynnt.

Önnur mál:

1. Samkomulag við Launanefnd um kjarasamningsumboð. Samþykkt að veita Launanefnd umboð til samninga við Þroskaþjálfafélag Íslands.
2. Tölvupóstur frá Þórði Jónssyni í Bæ varðandi háhraðtengingar. Sveitarstjóri hefur svarað erindinu.
3. Fundargerð félagsmála- og jafnréttisnefndar 8. okt. 2008. Samþykkt.
4. Afgreiðsla hreppsnefndar vegna niðurfellingar svæðisskipulags Dala- og Austur-Barðastrandasýslu 1992-2012. Engar athugasemdir bárust á auglýstum tíma vegna niðurfellingar svæðisskipulags Dala og A-Barðastrandasýslu. Samþykkt að fella niður svæðisskipulagið með fyrirvara um samþykki samvinnunefndarinnar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:30.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)